

á tjóni því, er stefnandi, Guðni Jónsson, kann að hafa beðið af framangreindri ljósprentun á Harðar sögu og Gunnlaugs sögu.

Málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Miðvikudaginn 25. október 1950.

Nr. 142/1949. **Ákærvaldið** (Ragnar Ólafsson)

gegn

Þorsteini Elton Jónssyni (Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson

í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot á ákvæðum bifreiðalaga.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði telur sig hafa neytt áfengis á Bárugötu 4, eftir að hann hætti að aka bifreiðinni, en eftir því, sem fram er komið í málinu, og þegar litið er til þess, hversu akstri hans var áfátt og hinnar stuttu dvalar hans á Bárugötu 4, verður ekki talið, að ölvun hans, er lögreglumenn tóku hann til rannsóknar, stafi öll af þeirri drykkju. Verður því að telja, að ákærði hafi verið svo á sig kominn, er hann ók bifreiðinni, að varði við 3. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941. Þá hefur ákærði og með skorti á aðgæzlu við aksturinn brotið ákvæði þau, sem í héraðsdómi eru talin. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, varðhald 8 daga. Þá ber og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er í héraðsdómi greinir, að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið 6 mánuði alls.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að rannsókn máls þessa var ekki tekin nægilega föstum tókum í upphafi. Sérstaklega bar nauð-

syn til að taka ýtarlegri skýrslur af vitninu Magnúsi Ágústssyni og konu hans og samprófa þau sín í milli og við ákærða svo og að samprófa ákærða og önnur vitni, þar sem á milli bar.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Elton Jónsson, greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar varðhald 8 daga, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur rétti til að aka bifreið 6 mánuði alls.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Ragnars Ólafssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 16. júlí 1949.

Ár 1949, laugardaginn 16. júlí, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Einari Ingimundarsyni, fulltrúa saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2836/1949: Valdstjórnin gegn Þorsteini Elton Jónssyni, sem dómtekið var þann 9. sama mánaðar.

Málið er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærða Þorsteini Elton Jónssyni flugmanni, Holtsgötu 7, hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7 janúar 1930 til refsingar, sviptingar ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 19. október 1921 í Reykjavík. Hann var áminntur fyrir snjókast þann 18. janúar 1937, en hefur annars ekki, svo vitað sé, sætt kærú né refsingu fyrir brot á lögum.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Um kl. 2 aðfaranótt laugardagsins 13. marz 1948 var Sigurgeir Olsen bifreiðarstjóri, Vesturgötu 26, hér í bæ, að aka bifreið sinni og stöðvaði hana fyrir utan húsið nr. 16 við Vesturgötu. Veitti hann því þá athygli, að bifreiðin R 3833 stóð inni í mynni Garðastrætis og Vesturgötu, alveg við

hliðina á bifreiðinni H 15. Gekk Sigurgeir að bifreið þessari í athugunar-skyni og sá þá, að kærði var að reyna að snúa vél hennar í gang. Tókst honum þetta eftir nokkra stund, settist síðan inn í bifreiðina og ók á brott. Sigurgeir virtist eitthvað athugavert við framkomu kærða og taldi jafnvel, að hann væri undir áhrifum áfengis. Hann hefur þó tekið fram, að framkoma hans hafi ef til vill bent til þess, að fát hafi verið á honum, og ekki segist hann hafa komið svo nálægt honum (kærða), að hann fyndi af honum sérstaka lykt, og ekki kveðst hann heldur geta lýst sérstökum ölvunareinkennum í fari kærða, en taldi grunsamlegt, að hann (kærði) forðaðist hann (Sigurgeir) og lét sem minnst á sér bera. Einnig segir Sigurgeir akstur kærða hafa bent til þess, að ekki væri hann að öllu leyti með sjálfum sér, því að vandalaust hafi verið að aka klaklaust framhjá bifreiðinni H 15, þar sem hún stóð á götunni, en kærði hafði ekið á bifreið þessa, áður en Sigurgeir kom að honum.

Sigurgeir Olsen hraðaði sér nú á lögregluvarðstofuna og gerði lögreglunni aðvart um akstur kærða. Brugðu þá lögreglumennirnir Tryggvi Friðlaugsson og Ólafur Ólafsson þá þegar við, og ók Sigurgeir þeim að húsinu nr. 4 við Bárugötu, en þar hafði kærði stöðvað bifreið sína og farið inn í hús þetta. Telur Sigurgeir, að ekki hafi liðið nema 10 mínútur frá því að kærði stöðvaði bifreið sína þarna, þar til lögreglumennirnir komu á staðinn.

Fyrirnefndir lögreglumenn færðu kærða á lögregluvarðstofuna ásamt þeim Magnúsi Viggó Ágústssyni flugmanni og konu hans, Mary Ágústsson, en hjá þeim dvaldist kærði á Bárugötu 4, þegar hann var handtekinn. Báðir hafa þeir lögreglumennirnir borið, að kærði hafi verið áberandi ölvaður, er hann var handtekinn. Hafi hann reikað í spori, vínlykt hafi verið af honum og útlit hans hafi borið ölvunareinkennum vott.

Báðir hafa þeir einnig borið, að kærði hafi viðurkennt það fyrir þeim, að hann hafi ekið bifreið sinni þá áður undir áhrifum áfengis. Enn fremur hafa báðir hinir nefndu lögreglumenn borið, að ekki hafi liðið nema 10—15 mínútur frá því að lögreglunni barst vitneskja um akstur kærða, þar til þeir voru komnir inn í stofu á Bárugötu 4, þar sem kærði var staddur, er hann var handtekinn, eins og fyrr segir. Tryggvi Friðlaugsson lögreglumaður kveðst minnst þess, að hann hafi séð glös á borðum á Bárugötu 4, en veit ekki, hvað í þeim kann að hafa verið. Þess minnst hins vegar Ólafur Ólafsson lögreglumaður ekki.

Jakob Björnsson lögregluþjónn gegndi varðstjórastörfum á lögregluvarðstofunni, er þangað var komið með kærða umrædda nótt, og yfirheyrði hann kærða út af handtöku hans og tilefni hennar. Segir Jakob kærða þá hafa neitað, að hann hefði yfirleitt ekið nokkurri bifreið umrædda nótt. Hins vegar hafi hann ekki borið á móti því, að hann væri ölvaður, enda hafi útlit hans borið þess greinilegan vott, að svo væri. Eftir að kærði komst á snoðir um, að ætlunin var að taka honum blóð, gerðist hann svo æstur í skapi, að setja varð hann í járn. Neitaði hann að láta taka úr sér blóðsýnishorn, og varð því ekki úr því. Einnig hafði hann í hótunum við Tryggva Friðlaugsson lögreglumann.

Nokkrar skemmdir urðu á bifreið kærða og bifreiðinni H 15, er kærði ók á hana í Garðastræti, eins og fyrr segir.

Við rannsókn málsins hefur kærði skýrt þannig frá:

Að kvöldi þess 12. marz 1948 kveðst hann hafa dvalið á heimili Moores flugstjóra. Kl. 9½—10 um kvöldið kveðst hann hafa drukkið whisky-blöndu, en hafi varla komið undir áhrif áfengis af þessari drykkju. Eftir kl. 10 um kvöldið segir kærði hafa verið sýndar kvikmyndir hjá flugstjóranum, og hafi hann, meðan á sýningu þessari stóð og eftir það, ekki bragðað neitt áfengi, enda þótt honum hafi margsinnis verið boðið það. Frá Moore flugstjóra kveðst kærði hafa farið um kl. 2 um nóttina, og kveðst hann þá ekki hafa fundið til minnstu áhrifa áfengis, og hefur hann haldið staðfastlega við framburð sinn.

Ástæðuna til þess, að kærði ók á bifreiðina H 15 í Garðastræti, eins og fyrr er frá skýrt, segir hann hafa verið þá, að er hann beygði af Vesturgötu suður Garðastræti hafi hann mætt bifreið með svo skærum ljósum, að hann hafi blindast af þeim. Hafi þetta ásamt því, hve bifreiðin H 15 stóð nálægt gatnamótunum (Vesturgötu og Garðastrætis), orðið til þess, að hann ók á bifreið þessa.

Eftir árekstur þenna kveðst kærði hafa ekið þeim hjónum Magnúsi Viggó Ágústssyni og konu hans Mary heim til þeirra á Bárugötu 4, en er þangað kom, hafi hann sezt þar inn í stofu hjá þeim. Þar kveðst hann hafa drukkið úr fullu vatnsglasi af vinblöndu og verið byrjaður á að drekka úr öðru, þegar lögreglumennirnir komu og handtóku hann. Telur hann, að þá hafi hann verið búinn að standa við í nefndu húsi um ½ klst., og kveðst þá hafa verið kominn nokkuð undir áhrif áfengis. Segir hann hafa verið ætlun sína að skilja bifreið sína eftir við fyrrnefnt hús, enda sé það skammt frá heimili hans. Ekki kveðst kærði að neinu leyti hafa verið illa fyrir kallaður til að aka bifreið, er hann ók bifreið sinni umrætt kvöld. Hann kveðst hafa talið þýðingarlaust að láta taka úr sér blóðsýnishorn, eftir að hann var handtekinn, þar eð hann hafi viðurkennt það fyrir lögreglunni, að hann fyndi þá til áhrifa áfengis.

Eins og fyrr er minnt á, voru þau hjón, Mary og Magnús Viggó Ágústsson, farþegar í bifreið kærða, þegar hann ók utan í bifreiðina H 15 í Garðastræti, og hafði hann ekið þeim úr samkvæmi því hjá Moore flugstjóra í Stórholti 39, sem hann var sjálfur staddur í að kvöldi þess 12. marz 1948.

Hafa þau hjón bæði borið við rannsókn málsins, að þau hafi ekki veitt því athygli, hvort kærði hafi neytt áfengis heima hjá flugstjóranum, og ekki hafi þau heldur tekið eftir, hvort hann hafi virzt vera undir áhrifum áfengis, þegar hann ók bifreið sinni um nóttina. Ekki hafa umrædd hjón heldur getað borið um, hvað olli árekstrinum í Garðastræti, og minnst þau ekki, að kærði hafi mætt neinni bifreið þarna um það leyti, sem áreksturinn vildi til.

Magnús Viggó hefur látið það álit sitt í ljós, að um ½ klst. hafi liðið, frá því að kærði kom inn í íbúð hans á Bárugötu 4, þar til lögreglumennirnir komu til að sækja hann, og hafi hann á þessum tíma drukkið blöndu

af „gin“ og „vermouth“, sem hann veitti kærða, og segir hann hann (kærða) hafa verið búinn að drekka úr nærri fullu vatnsglasi af vinblöndu þessari, er lögreglumennirnir komu til að sækja hann.

Mary Ágústsson kveðst ekki hafa verið hjá þeim kærða og manni sínum, meðan sá fyrrnefndi stóð við hjá þeim hjónum í umrætt skipti. Hún heldur því fram, að þeir hafi einskis áfengis neytt þar, enda viti hún ekki til, að þar hafi þá neitt áfengi verið til.

Kvaddir hafa verið sem vitni við rannsókn málsins þeir Jóhannes Reykjalín Snorrason flugstjóri, Úthlíð 3, hér í bæ, og Alfreð Eliasson flugstjóri, Eskihlíð, hér í bæ. Hafa vitni þessi bæði borið, að þau hafi ekki orðið þess vör, að kærði neytti neins áfengis í samkvæminu hjá Moore flugstjóra umrætt kvöld, en þar voru þau þá bæði stódd.

Í vottorði, útgefnu þann 1. febrúar s.l., hefur Moore flugstjóri, sem nú dvelur í Ameríku, fullyrt, að kærði hafi ekki bragðað áfengi eftir kvikmyndasýninguna hjá flugstjóranum, og telur hann í sama vottorði fráleitt, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann fór frá honum umrætt kvöld eða nótt.

Þess skal að lokum getið, að þeir Tryggvi Friðlaugsson lögregluþjónn og Sigurgeir Olsen hafa staðfest framburði sína, Tryggvi með drengskaparheiti, en Sigurgeir með eiði.

Kærði hefur frá upphafi rannsóknar þessa máls viðurkennt, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann var handtekinn í húsinu nr. 4 við Bárugötu aðfaranótt þess 13 marz 1948, enda hafa allir, sem sáu hann eftir handtökuna, borið, að mikil brögð hafi þá verið að ölvun hans. Hins vegar heldur hann því staðfastlega fram, að þá hafi hann verið kominn undir áhrif þess áfengis eins, sem hann neytti í húsi þessu, og að hann hafi verið algáður, þegar hann ók bifreið sinni að húsi þessu skömmu áður, eða, að því er hann telur, um $\frac{1}{2}$ klst. áður en hann var handtekinn.

Með staðfestum framburðum þeirra Tryggva Friðlaugssonar og Sigurgeirs Olsens verður þó að telja sannað, að ekki hafi liðið nema um 10—15 mínútur frá því, að kærði ók á bifreiðina H 15, þar til lögreglumennirnir handtóku hann. Þykir ekki fært að taka mark á þeirri staðhæfingu kærða, að hann hafi komizt undir svo mikil áfengisáhrif á þessum stutta tíma, sem raun bar vitni, er hann var handtekinn, og verður því, þrátt fyrir eindregna neitun kærða, að telja sannað, að hann hafi einnig verið með áhrifum áfengis, er hann ók bifreið sinni og rakst á bifreiðina H 15 þá skömmu áður.

Með atferli sínu telst kærði því hafa gerzt brotlegur við 21. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941. Einnig telst sannað, að skort hafi á aðgæzlu hjá kærða við aksturinn, um það leyti sem hann ók á bifreiðina H 15, og hefur hann með aðgæzluskorti sínum brotið gegn 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930.

Þykir refsing hans samkvæmt 39. gr. áfengislaganna, 38. gr. bifreiðalaganna og 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber samkvæmt 21. sbr. 39. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna að svipta kærða leyfi til að aka bifreið í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 300.00.

Sá dráttur, sem orðið hefur á rekstri máls þessa, stafar að langmestu leyti af mjög framlengdum fresti, sem skipuðum verjanda kærða var veittur til að skila vörn sinni, en að öðru leyti stafar hann af önnum við embættið.

Dómsorð:

Kærði, Þorsteinn Elton Jónsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. október 1950.

Nr. 76/1949. **Guðbjörg Árnadóttir** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn

Ólafi Bjarnasyni, Önnu Guðvarðsdóttur
Ólfjörð, Margréti Ólafsdóttur og
Páli Ólafssyni (Theódór B. Líndal)

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Fjárnám. — Ágreiningur um eignarrétt að munum.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, dags. 29. apríl 1949, að fengnu gjafsóknarleyfi, dags. 27. júní 1949, og áfrýjunarleyfi, dags. 27. apríl sama ár.